

Dags eftirlits	31.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774	Flokkur	Úrgangur og
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Bjarnason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	307786,784 635095,624

## Niðurstaða eftirlits

Fimm frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlitið er varða móttöku viðarúrgangs á heimildar, girðingar til aðgangsstýringar, gjaldtöku á urðunarstaðnum, daglegan frágang urðunarreina og skil á niðurstöðum skráninga. Tvær ábendingar voru settar fram er varða að hreinsa þarf reglulega rusl af girðingum og takmörkun aðgangs og merkingar á staðnum.

## Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða urðunarstað Bolungarvíkurkaupstaðs í landi Hóls. Heimilt er að taka á móti að hámarki 500t af óvirkum úrgangi á ári ásamt viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Starfsleyfið gildir til 20. ágúst 2035. Eftirlitið var framkvæmt í tvennu lagi, annars vegar með vettvangsheimsókn þann 31. ágúst sl. og hins vegar fundi með rekstraraðila á TEAMS þann 4. september sl.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Þrjú frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2022, er varða móttöku timbur- og garðaúrgangs og annars úrgangs án heimildar, skil á skráningum og mælingum og frágang á urðunarstaðnum. Úrbótaáætlun vegna frávikanna var samþykkt þann 24. júlí sl. þar sem frávik vegna skila á skráningum var lokað en unnið var skv. tímalínu úrbóta varðandi hin tvö frávikin og átti framkvæmdum vegna þeirra að ljúka sumarið 2023. Framkvæmd við hreinsun svæðisins var ekki lokið er eftirlitið fór fram þann 31. ágúst sl. og stendur frávikin því enn opið. Urðunarrein hafði verið byrgð að mestu en þó ekki með fullnægjandi hætti, frávikin stendur því enn opið. Engar ábendingar voru settar fram í síðasta eftirliti.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Niðurstöðum skráninga skv. gr. 4.4. í starfsleyfi hefur ekki verið skilað og er frávik þar um. Skv. tölum sem fylgdu úrbótaáætlun í júlí sl., var tekið á móti 51 t af óvirkum úrgangi, 85 tonnum af viðarúrgangi og 106 tonnum af garðaúrgangi, alls rúm 242 tonn, árið 2022.

Ekki er heimild til að taka á móti viðarúrgangi nema til jarðgerðar og magn viðarúrgangs er umfram það sem unnið er til jarðgerðar á svæðinu ásamt því að einnig er um litað timbur að ræða sem móttaka er óheimil á, því er um að ræða frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi.

Mælingar skv. gr. 4.2 í starfsleyfi voru framkvæmdar af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 23. janúar sl. og hefur niðurstöðum þeirra mælinga verið skilað til eftirlitsaðila. Engar ábendingar eru gerðar þar um.

Engin gjaldtaka er á staðnum og er öllum heimilt að urða án kostnaðar. Skv. gr. 2.8 í starfsleyfi skal rekstraraðili urðunarstaðar innheimta gjald vegna urðunar úrgangs sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Skal gjaldið nægja fyrir öllum

kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Er því um frávik að ræða.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Fulltrúi rekstraraðila var ekki á staðnum en farið var inn á svæðið í samráði við hann. Lás var á hliðinu við komu en var hann ólæstur svo eftirlitsaðili kæmist inn á svæðið. Búið er að girða svæðið af að hluta skv. gr. 2.3 í starfsleyfi, en verkinu er enn ólokið og er sett frávik þar um. Bent er á að klára þarf þá vinnu sem allra fyrst. Bent er á að hreinsa þarf reglulega allt það rusl sem safnast fyrir í girðingunum.

Skv. úrbótaáætlun frá 24. júlí sl. átti framkvæmdum við hreinsun á óæskilegum úrgangi á staðnum að vera lokið nú í sumar. Hreinsun var ekki lokið á fullnægjandi hátt og frávikinu því ekki lokið. Enn má sjá plast, hjólbarða og annan úrgang á svæðinu sem ekki er heimild fyrir. Urðunarhaugar voru þaktir timbri, bæði lituðu og ólituðu en ekki er heimilt að taka á móti ólituðu timbri á staðnum. Timbur skal kurlað/malað, sé það notað sem yfirlag á urðunarreinar.

Rætt var við rekstraraðila um að hreinsa þyrfti betur af urðunarstaðnum allan þann úrgang sem telst ekki vera óvirkur úrgangur. Aftur var áréttað að einungis er heimilt að taka á móti viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar.

Daglegur frágangur var ekki í samræmi við gr 3.10 í starfsleyfi þar sem þekjulagið náði ekki viðmiði auk þess sem hætta var af foki frá þekjuefni sem var að mestu viðarúrgangur. Er því sett frávik þar um.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Ekki er heimild til að taka á móti viðarúrgangi nema til jarðgerðar og magn viðarúrgangs er langt umfram það sem unnið er til jarðgerðar á svæðinu ásamt því að einnig er um litað timbur að ræða sem óheimilt er að móttaka.

## Ábendingar

Ábending er sett fram um að hreinsa þarf reglulega allt það rusl sem safnast fyrir í girðingunum.

Ábending er einnig sett fram um að skv. gr. 2.3 í starfsleyfi skal aðgangur að athafnasvæðinu vera takmarkaður. Bæta þarf upplýsingar um opnunartíma og fyrirkomulag staðarins svo það sé sýnilegt þeim sem koma að staðnum.

## Annað


Nokkrar kvartanir hafa borist rekstraraðila vegna foks frá svæðinu og uppsöfnun timburúrgangs. Er rekstraraðili minntur á að bregðast við þeim kvörtunum fljótt og vel.

Síðast liðið vor var olíugeymir settur inn á svæðið til urðunar, án vitundar rekstraraðila og lak úr honum olía. Var

hann fjarlægður um leið og upp komst og var olían hreinsuð upp í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Bent er á að skv. gr. 2.3 í starfsleyfi skal aðgangur að athafnasvæðinu vera takmarkaður.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 20.10.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta



